



**Varðandi:** Endurskoðun fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar 2015  
**Málsnúmer:** 1505141  
**Dagsetning:** 9. desember 2015

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2015 með fyrirvara um samþykki skipulags- og umhverfisráðs. Breytingin felst í viðbótarverkefnum (fjárfestingar) vegna hönnunarvinnu að fjárhæð kr. 5.000.000 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Jaðarsbakkalaug, vegna kaupa á tækjabúnaði(rakataeki) fyrir skjalasafn Bókasafns Akraness að fjárhæð kr. 3.000.000 og vegna kaupa á gámum á tjaldsvæði og við Langasand að fjárhæð kr. 5.500.000. Heildarbreyting í fjárfestingum á árinu 2016 er hins vegar til lækkunar á eignfærði fjárfestingu að fjárhæð kr. 83.900.000 sem skýrist fyrst og fremst af því að ekki var ráðist í framkvæmdir við Sambýlið við Vesturgötu.

---

**GREINARGERÐ:** Um nánari skýringar vísast til meðfylgjandi yfirlits sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri